

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

ÁRSSKÝRSLA 2011



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Skýrsla framkvæmdastjóra.	4
Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.	6
Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs í stjórnnum fyrirtækja	8
Aðrir fulltrúar Nýsköpunarsjóðs í stjórnnum fyrirtækja	10
Helstu fjárfestingarverkefni Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.	13
Fjárfestingar í sjóðum	38
Ársreikningur 2011	41
Rekstrarreikningur árið 2011	44
Efnahagsreikningur	45
Skýringar	47



Sköpun verðmæta til langs tíma

Ávarp stjórnarformanns

Fjárfestingar í frumkvöðlastarfi eru hvorki skammvinnar né áhættulausar. Nýsköpun er ekki spretthlaup í blíðviðri, heldur líkist fremur víðavangshlaupi í íslenskri veðráttu. Afkoma sjóða sem fjárfesta í óskráðum félögum sveiflast gjarnan milli tímabila, en slíkt flókt er sérlega einkennandi í sjóðum sprotafélaga.


Árið 2011 sýnir rekstrarniðurstaða Nýsköpunarsjóðs hundraða milljóna króna tap. Nú þegar komið er fram undir mitt ár 2012 má slá því föstu að í ár verði hundraða milljóna króna hagnaður af sjóðnum. Í framtakssjóðum skiptir mestu að til langs tíma sé væn ávöxtun af fjárfestingunum í heild, óháð niðurstöðu einstakra tímabila eða einstakra verkefna. Þess vegna eru flestir slíkir sjóðir gerðir upp yfir sjö til tíu ára tímabil, en afkoma sem metin er frá einu ári til annars er ekki sérstakt keppikefli.

Hvert svo sem fyrirkomulagið er í hverjum sjóði fyrir sig er aðalatriðið að þeir skili ávöxtun þegar til margra ára litið. NSA er þar engin undantekning. Hins vegar er tilgangur NSA að styðja nýsköpun í landinu til langs tíma og því hefur verið spurt: Er ekki aukaatriði hvort slíkur sjóður, sem að auki er vistaður hjá hinu opinbera, hagnist af fjárfestingum sínum? Ennfremur: Er einfalt hagnaðarmarkmið nægilegt til að örva hið flókna og langvinna þróunarferli frumkvöðlastarfsins? Oftar en ekki skera þölgæði, tímasetningar og sveigjanleiki úr um hvort lánast að skapa verðmæti í einu verkefni frekar en öðru. Því getur virst langsótt að einföld kaup og sala sjóðs á borð við NSA í hlutabréfum sprotafélags séu endanlegur mælikvarði á gildi nýsköpunar þess.

Þessar hugleiðingar er mikilvægt að taka til greina enda snerta þær á grundvallaratriðum um tilvist sjóðsins. Í fyrsta lagi er hagnaðarsókn NSA markmið í sjálfu sér. Með því að NSA ávaxti fé sitt stækkar sjóðurinn og getur því tekið þátt í fleiri verkefnum en ella. Ef NSA tapaði sífellt á starfsemi sinni eða losnaði aldrei út úr fjárfestingum sínum myndi geta hans og umfang rýrna. NSA sérhæfir sig í þátttöku í sprotaverkefnum sem eru skammt á veg komin. Á klakstigi fyrirtækjanna eru fjölmargar hættur sem frumkvöðlar eiga erfitt með að sjá fyrir og dánartíðni verkefnanna er þá há. Þarna hefur starfsfólk NSA mest fram að færa með stjórnarsetu sinni og annarri liðveislu. Reynsla af öðrum verkefnum, aðhald og ráðleggingar skila sér þá með þeim síendurbættu aðferðum sem beitt er og skipulögðu ferlum sem unnið er eftir. Hlutverki NSA lýkur þegar tilteknum stað í þróunarferli verkefnanna er náð. Þá er rétt að NSA selji sinn hlut, vonandi með sem mestum hagnaði.

Í öðru lagi skiptir máli fyrir frumkvöðlastarf í landinu að stærsti starfandi sjóðurinn, sá sem veitir fé til verkefna þegar þau eiga eftir að taka út mikinn þroska, sé arðbær til langs tíma. Þannig leggja fleiri fjárfestar á þessi áhættusömu djúp en ella og fleiri frumkvöðlar munu sjá ábatavon í sköpun nýrra lausna.

Í þriðja lagi er fé frá NSA hvorki verðminna né á einhvern hátt óæðra en fé frá einkaaðilum. Skortur á umsjá, ábyrgð eða hirðu getur valdið soun verðmæta. Slíkt tómarúm getur hæglega skapast þegar hið opinbera á í hlut og hefur margoft gerst. En það réttlætir þó ekki að litið sé á NSA sem einhvers konar almenning



sem ganga megi illa um. Þar að auki kom stór hluti stofnfjár NSA úr sjóðum atvinnuveganna og því bera aðilar vinnumarkaðar ríka ábyrgð á rekstri og viðgangi sjóðsins. Hlutverk hans er að vera sígrænn hlutabréfasjóður sem ávaxtar sig sjálfur en ekki styrktarsjóður sem tæmist.

Í fjórða lagi skapar hagnaðarmarkmið eigenda fyrirtækjanna þann aga sem líklegastur er til að koma sprotaverkefnunum á sjálfbært spor. Sú umgjörð um frumkvöðlastarfið er líklegust til að fólstra varanlega sköpun verðmæta.

Á undanförnum misserum hefur NSA selt útlendingum hluti sína í nokkrum fyrirtækjum. Þjóðerni hefur lítið forspárgildi um eðli fjárfesta, ekki frekar en um fólk almennt. Útlendingar geta bæði verið góðir og slæmir eigendur fyrirtækja, rétt eins og Íslendingar. Þegar hlutverki NSA í sprotafyrirtækjum er lokið er eðlilegt að eignarhald fyrirtækjanna þróist áfram. Þá á NSA að losa hlut sinn í hendur fjárfesta sem telja sig geta skilað viðkomandi félögum fram á veg í samvinnu við stjórnendur og frumkvöðla fyrirtækjanna. NSA stefnir ekki sérstaklega að því að selja útlendingum fremur en Íslendingum. NSA vill fyrst og fremst selja hluti á sem hæstu verði, koma fyrirtækinu í áframhaldandi þróunarferli og að breytingin verði helst gerð í góðri sátt við aðra hluthafa og stjórnendur. Þegar útlendingar hafa keypt bréf af NSA hefur áhersla verið lögð á að sem mest starfsemi verði áfram hér á landi, að minnsta kosti um stundarsakir.

Fátt mælir reyndar með því að við öllum með okkur beyg af útlendingum eða lítum þannig á að með því að selja útlendingum hlutabréf missum við fyrirtækin úr landi. Þvert á móti er það einmitt skortur á erlendri fjárfestingu sem hefur hrjád íslenskt atvinnulíf um langa hríð. Erlend fjárfesting er ekki bara andlitslausir peningar sem koma að utan. Yfirleitt fylgir slíkri fjárfestingu fólk af holdi og blóði, sem sest í stjórn eða greiðir með öðrum hætti fyrir framgangi fyrirtækisins, gegnum ný tengsl og kannski aðra þekkingu en fyrir var. Í ýmsum til-

vikum geta útlendingar greitt hæst verð fyrir hluti í vaxandi íslenskum hugverkafyrirtækjum, vegna þess að viðkomandi fyrirtæki vex mest að verðmætum í þeirra höndum. Aukinn aðgangur að erlendum mörkuðum er þar dæmigerður gildisauki. Innlendir eigendur eins og NSA geta ekki veitt aðstoð við slíka markaðssókn nema að litlu leyti, en hinir erlendu hluthafar hafa oft getu til að opna nýjar dyr. Sú varð einmitt raunin þegar NSA seldi hluti sína í Hafmynd, Nikita og Marorku.

Forsendur fyrir að starfsemi nýsköpunar-, tækni- og hugverkafyrirtækja haldist hér á landi eru blómleg starfsskilyrði. Við þurfum einfaldlega að innna af hendi gæðavinna með samkeppnisfærum hætti. Íslenskt rekstrarumhverfi og íslenskt starfsfólk skilja þar milli feigs og ófeigs. Átthagafjöttrar á eignarhaldi geta aldrei orðið grunnur að öfluglu atvinnulífi á Íslandi. Nægar hindranir eru í vegi íslenskra sprotafyrirtækja, landfræðilegar og manngerðar, þótt ekki bætist við útlendingafælni við sölu hlutabréfa í þeim. Ákvarðanir alþjóðlegra íslenskra nýsköpunarfyrirtækja, um umfang og eðli þeirrar starfsemi sem þau reka hér á landi, munu að langminnstu leyti byggjast á því hversu íslenskt eignarhaldið er hverju sinni. Marel, Össur, Actavis, CCP, Roche Nimblegen og Íslensk erfðagreining eru fyrirtæki sem margoft eru nefnd sem dæmi um alþjóðleg fyrirtæki í heimsklassa frá Íslandi. Eignarhald þeirra allra hefur tekið umtalsverðum breytingum á undanförunum misserum eða árum, án þess að staðsetning starfseminnar hafi endurspeglad þá þróun.

Að nokkrum árum liðnum getum við vonandi nefnt nokkur ný íslensk hugverkafyrirtæki sem skara fram úr á heimsvísu. Hér skal því spáð að slík fyrirtæki muni þá ekki lúta hreinræktuðu íslensku eignarhaldi. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins vill þekkja sinn sess í verðmætasköpun á Íslandi og sinna starfi sínu þar sem best.

Orri Hauksson, stjórnarformaður NSA.



Alþjóðavöxtur frá Íslandi

Skýrsla framkvæmdastjóra


Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur þá stefnu að fjárfesta í fyrirtækjum þar sem vænta má mikils virðisauka og arðsemi af starfsemi og góðrar ávöxtunar fyrir sjóðinn. Til þess að standa undir þessari stefnu fjárfestir sjóðurinn iðulega í tækni fyrirtækjum sem geta náð alþjóðlegum vexti. Nýsköpunarfyrirtæki sem ætla eingöngu að vaxa á innanlandsmarkaði ná yfirleitt ekki að byggja upp þann virðisauka sem til þarf til að verða áhugaverður fjárfestingarkostur fyrir framtaksfjárfesta eins og Nýsköpunarsjóð. Enda eru orð eins og skalanleiki og útflutningsmöguleikar þau orð sem eru mest notuð þegar við erum að greina fjárfestingartækifæri hjá Nýsköpunarsjóði. Við viljum fjárfesta í útflutningsfyrirtækjum vegna þess að þar getum við ávaxtað fé sjóðsins sem best.

En við hjá Nýsköpunarsjóði viljum gera gagn um leið og við högnumst. Ekki þarf að deila um gagnsemi fjölbreytts útflutnings fyrir þing og þjóð, sérstaklega þjóð sem er í gjaldeyriskreppu og þarf á auknum útflutningstekjum og erlendum fjárfestingum að halda til að losna úr viðjum gjaldeyrishafta. Ál og sjávarútvegur eru að sjálfsögðu mikilvægar útflutningsgreinar. Það er þó ekki gott fyrir efnahagslíf nútímasamfélags að vera of háð hráefnisútflutningi. Auk þess eru báðar þessar greinar háðar takmörkuðum auðlindum sem við þurfum að fara skynsamlega með. Ál og fiskur eru ekki með endalausa vaxtarmöguleika. Hins vegar eru hugvit og sköpun í eðli sínu ótakmörkuð auðlind og ættu að geta gefið endalausa útflutningsmöguleika. Eina fræðilega takmörkunin, í litlu þjóðfélagi eins og því íslenska, er hugsanlega mannauður og fjármagn. Þar sjáum við þó að íslensk fyrirmyndarfyrirtæki eins og CCP, Össur og Marel hafa náð að

byggja upp fjölbreytt og öflugt starfsmannateymi með því að fá erlenda sérfræðinga og stjórnendur til landsins og opna útibú erlendis sem og að laða að erlenda fjárfesta.

Þrátt fyrir að það séu engar fræðilegar takmarkanir á hugviti sem auðlind, þá þekkjum við það í raun að það er ekki auðvelt að búa til gjaldeyri og störf út frá einni stórkostlegri nýsköpunarhugmynd. Það er rétt að velta vöngum yfir því hversu létt það er að stofna lítið fyrirtæki í litlu landi með litlu fjármagni. Það er eflaust til-
tölulega auðvelt að stofna þetta litla fyrirtæki en við vitum að það er langt frá því að vera auðvelt að láta það vaxa og dafna á alþjóðamarkaði. Til að ná árangri á alþjóðamarkaði þarf ekki bara góða hugmynd og fjármagn heldur einnig þekkingu, tengsl, þolinmæði og samkeppnishæfni í verði og vinnubrögðum.

Þegar horft er til fyrirtækja sem stofnuð eru í öðrum löndum njóta þessi fyrirtæki oft þeirra forréttinda að ná að byggja sig upp á heimamarkaði fyrst, þau hafa öflugt tengslanet heima fyrir og auk þess eru birgjar þessara fyrirtækja oft í sama landi og viðkomandi fyrirtæki. Íslensk fyrirtæki sem ætla að gera eitthvað á alþjóðamarkaði þurfa í raun að vera „alþjóðafædd“ (eða „born global“). Þrátt fyrir að Ísland hafi orð á sér fyrir að vera góður tilraunamarkaður þegar vara er mjög sértæk þá eru nú bara fáir viðskiptavinir til að prófa vöruna. Auk þess er birgja þessara fyrirtækja sjaldnast að finna hérlendis. Þar sem Ísland er langt frá mörkuðum getur jafnframt verið erfitt fyrir fyrirtæki sem eru að byrja að fóta sig á markaði að meta markaðstækifæri sem og samkeppni.



En fyrirtæki sem ná því að vera alþjóðafædd verða oft framúrskarandi fyrirtæki í framtíðinni. Þessi fyrirtæki hugsa um útflutning frá fyrsta degi. Þau geta sótt á hvaða markað sem er og velja besta markaðinn fyrir sína vöru, ekki bara heimamarkað. Þetta eru fyrirtæki sem þurfa að vera samkeppnishæf á alþjóðamarkaði strax. Ótal dæmi sanna að til lengri tíma litið verða alþjóðafædd fyrirtæki sterkari leikendur á alþjóðamarkaði.

Vegna þess að við vitum að það er erfitt að byggja upp útflutningsfyrirtæki veitir það okkur mikla ánægju þegar eignasafn Nýsköpunarsjóðs er skoðað, að sjá hversu víðtæk útflutnings-starfsemi þessara fyrirtækja er. Árið 2011 fluttu fyrirtæki í eignasafni Nýsköpunarsjóðs út vöru og þjónustu til 60 mismunandi landa fyrir alls 4,5 milljarða króna. Það er sérstaklega áhugavert að hugsa um þessa tölu í ljósi þess að Nýsköpunarsjóður kemur inn í fyrirtæki mjög snemma á þróunarferli þeirra. Mörg fyrirtæki sem eru í eignasafni sjóðsins eru að vinna að vöruþróun og eru ekki komin með fyrstu sölu. Það eru í raun 19 fyrirtæki af þeim 37 sem sjóðurinn á í sem standa að baki þessum útflutningstölum.

Það er jákvætt að fyrirtæki í eignasafni sjóðsins eru að ná árangri á alþjóðamörkuðum. Þegar fyrirtæki hefur hafið útflutning er næsta áskorun að festa þennan útflutning í sessi. Því hefur Nýsköpunarsjóður lagt mikið upp úr að efla samstarf við fjárfesta sem geta tekið við kyndlinum þegar hlutverki Nýsköpunarsjóðs er lokið. Það er ánægjulegt til þess að vita að þegar fyrirtæki eru komin á ákveðið vaxtarstig er hægt að finna góða innlenda sem erlenda fjárfesta sem hafa fjármagn og þekkingu til að fara með fyrirtækið áfram. Til að rækta slík sambönd og til að læra af öðrum leggur Nýsköpunarsjóður mikið upp úr því að vera aðili að alþjóðlegum samtökum framtaksfjárfesta. Sjóðurinn er virkur aðili að þrennum slíkum samtökum: Nordic Venture Network, European Venture Network og nú nýlega var NSA boðin þátttaka í British Venture Capital Association.

Á árinu 2011 seldi Nýsköpunarsjóður sig út úr tveimur fyrirtækjum sem sjóðurinn hafði átt í lengi. Hópur innlendra fjárfesta

keypti hlut Nýsköpunarsjóðs í Íshestum og mun styðja við áframhaldandi vöxt fyrirtækisins innan ferðaþjónustugeirans. Finnska fyrirtækið Amer Sports keypti fyrirtækið NIKITA. Amer Sports er leiðandi á sviði íþróttavara og á meðal annars vörumerki eins og Salomon, Atomic og Wilson-tennisvörur. Vörumerkið NIKITA nýtur sín vel í slíkum félagsskap.

Alls samþykkti stjórn Nýsköpunarsjóðs fjárfestingu sem nam 670 milljónum á árinu 2011. Samþykkt var að kaupa hlutafé í sex nýjum fyrirtækjum á árinu en þau eru; Cooori, Skelfélagið, Mint Solutions, Tölvuský (Greencloud), Icemedix og 3z. Jafnframt var stutt við vöxt níu fyrirtækja sem þegar voru í eignasafni sjóðsins. Við árslok 2011 átti NSA því í 37 fyrirtækjum, af þeim voru 25 fyrirtæki komin með veltu og var samanlögð velta þeirra rúmir fimm milljarðar króna. Hjá þessum fyrirtækjum störfuðu um 550 manns um áramót.

Nýsköpunarsjóður var rekinn með 315 milljóna króna tapi árið 2011. Ástæða þessa neikvæða árangurs var sala á eignarhlutum í fyrirtækjum og varúðarafskriftir. Þó ber að geta þess að snemma árs 2012 var eignarhlutur nýsköpunarsjóðs í Marorku seldur með góðum hagnaði.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir sjóðsins 4,8 milljarðar króna í árslok, þar af var eignarhlutur í fyrirtækjum metinn á 2,7 milljarða. Eign sjóðsins í samlagssjóðunum Frumtaks, Auði 1 og Brú var metin á 1,2 milljarða.

Þrátt fyrir taprekstur ársins er vænst meðbyrs með sjóðnum. Sjóðurinn hefur náð góðum útgöngum undanfarið. Mörg fyrirtæki í eignasafni hans virðast hafa góða vaxtarmöguleika út um allan heim og það er mikið af góðum fjárfestingartækifærum sem leitar til sjóðsins.

Að lokum vil ég þakka stjórn og starfsmönnum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Helga Valfells, framkvæmdastjóri NSA.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins



Orri Hauksson, stjórnarformaður NSA

Orri er vélaverkfræðingur frá HÍ og MBA frá Harvard Business School. Orri er framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins síðan í ágúst árið 2010. Hann hefur gegnt ýmsum stjórnunarstöðum og hefur undanfarin ár sinnt fjárfestingum og setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja fyrir hönd Novator, aðallega á sviði fjarskipta og hreinna orkugjafa í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum. Orri situr í stjórn Lífeyrissjóðsins Gildis. Hann var áður framkvæmdastjóri þróunarsviðs Símans og aðstoðarmaður forsætisráðherra á árunum 1997-2000.



Guðný Hrund Karlsdóttir, varaformaður stjórnar NSA

Guðný er fædd og uppalin í Keflavík og stúdent frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hún lauk cand. oecon-profi í viðskiptafræðum af fjármálasviði frá Háskóla Íslands árið 1998. Hún var ráðgjafi hjá Streng hf. 1998-2002 og sveitarstjóri á Raufarhöfn 2002-2006. Frá árinu 2006 hefur Guðný starfað sem viðskiptastjóri hjá Maritech ehf. Guðný er varaformaður stjórnar NSA, stjórnarformaður Ábyrgðarsjóðs launa og situr sem varamaður í stjórn Samkeppniseftirlitsins.



Arnar Sigurmundsson

Arnar fæddist í Vestmannaeyjum 1943. Hann hefur verið formaður Samtaka fiskvinnslustöðva - SF - frá 1987 og formaður stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða frá 2006. Arnar tók virkan þátt í undirbúningi að stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins árið 1997 fyrir hönd sjávarútvegsins og hefur átt sæti í stjórn sjóðsins frá upphafi, þar af sem formaður frá 1997-2004 og 2010. Arnar átti sæti í bæjarstjórn Vestmannaeyja um fimmtán ára skeið og hefur frá 2006 verið formaður framkvæmda- og hafnarráðs Vestmannaeyjabæjar.




Finnbjörn Aðalvíkingur Hermannsson

Finnbjörn fæddist í Reykjavík 1954. Hann er húsasmiður, með uppeldis- og kennslufræðimenntun frá KHÍ og diplómanám í mannauðsstjórnun frá HR. Finnbjörn hefur verið formaður Trésmiðafélags Reykjavíkur, nú Fagfélagsins, frá 1997 og Samiðnar, sambands iðnfélaga frá 1998. Hann tók þátt í undirbúningi að stofnun Nýsköpunarsjóðs og var varamaður í stjórn á árunum 1997-2001. Finnbjörn hefur verið stjórnarmaður í NSA frá 2010. Finnbjörn situr í miðstjórn ASÍ og stjórn Iðunnar fræðsluseturs auk ýmissa nefnda og ráða á vegum verkalýðshreyfingarinnar.



Sigrún Valdimarsdóttir

Sigrún fæddist í Reykjavík 1955 og ólst upp í Kópavogi. Hún starfaði hjá Tryggingastofnun ríkisins og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 1978-1983. Sigrún var sauðfjárþóndi frá 1983-2000 og ferðapjónustubóndi frá 1988. Sigrún situr í stjórn Félags ferðapjónustubænda, Selaseturs Íslands og er formaður ferðamálafélags Vestur-Húnavatnssýslu.





Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs og Frumtaks

Eggert Claessen, Rakei Sigurðardóttir, Egill Mátsson, Hekla Arnardóttir, Gísli Benediktsson, Helga Valfélis, Smári Þórarinsson, Svala Vignisdóttir, Finnur Árnason, Svana Gunnarsdóttir.

Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs í stjórnnum fyrirtækja



Helga Valfells, framkvæmdastjóri

Helga lauk BA-prófi í hagfræði og enskum bókmenntum frá Harvard University 1988 og MBA-prófi frá London Business School árið 1994. Helga hefur unnið hjá Estée Lauder UK, Merrill Lynch International Europe og Útflutningsráði Íslands. Helga hefur jafnframt starfað sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi og aðstoðarmaður Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra. Helga hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði í ágúst 2009 og var ráðin framkvæmdastjóri í mars 2010.

Stjórnarseta fyrir NSA:

Frumtak (formaður)
Innovit
Mentor (formaður)
Gagnavarslan (formaður)
Nikita



Egill Másson, fjárfestingastjóri NSA

Egill lauk BS-prófi í tölvunar- og eðlisfræði frá Háskólanum í Kaupmannahöfn 1987 og MS-prófi í tölvunarfræði frá sama skóla 1990. Hann starfaði sem forritari hjá Niels Bohr Institut og við rannsóknir hjá NEuroTech A/S í Danmörku. Egill starfaði hjá Taugagreiningu hf. í 16 ár, fyrst við rannsóknir og síðar sem framkvæmdastjóri. Hann vann síðan við markaðsstörf hjá bandaríska félaginu CareFusion í þrjú ár og var yfirmaður viðskiptagreiðna og hugbúnaðarhögunar hjá Arion banka í þrjú ár. Egill hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði 2010.

Stjórnarseta fyrir NSA:

Gogogic
Gogoyoko (formaður)
GreenQloud
Marorka
Menn og mýs (formaður)
Stiki (formaður)
Transmit (formaður)
Videntifier
Kerecis



Finnur Árnason, fjárfestingastjóri NSA

Finnur Árnason er stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og búfræðingur frá Hvanneyri. Hann lauk BSc.-námi í efnafræði við Háskóla Íslands og fil. cand.-prófi í rekstrarhagfræði frá Háskólanum í Gautaborg. Finnur hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði á árinu 1999 og hefur setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja.

Stjórnarseta fyrir NSA:

Akthelía
Genís
Grapewire
Mentis Cura
Oxymap
Expeda
Primex (formaður)




Gísli Benediktsson, fjárfestingastjóri NSA

Gísli lauk stúdentsprófi frá MR og útskrifaðist frá viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1971. Gísli hefur unnið hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins frá stofnun. Áður var hann sérfræðingur hjá lðnlánasjóði og hafði þá m.a. umsjón með vörupróunar- og markaðsdeild sjóðsins. Eftir útskrift frá viðskiptadeild HÍ starfaði Gísli sem skrifstofustjóri hjá Félagi íslenskra iðnrekenda í fjögur ár og útibússtjóri hjá lðnaðarbanka Íslands hf. í eitt ár.

Stjórnarseta fyrir NSA:

Lífeind
Kine
Valka
Dohop
Auris (formaður)





Hekla Arnardóttir, fjárfestingastjóri NSA

Hekla lauk C.Sc.-prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands vorið 1999. Frá því að námi lauk starfaði hún hjá stoðtækjafyrirtækinu Össuri hf., fyrst við vöruþróun og prófanir í þróunardeild en síðar við markaðssetningu og vörustjórn á Asíumarkaði. Hekla tók þátt í að setja á stofn útibú Össurar í Shanghai og rekstri þess fyrsta árið. Hekla hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði sumarið 2010 og er einn af fjárfestingastjórum sjóðsins.

Stjórnarseta fyrir NSA:

Cooori
Fjölblendir
Intelscan (formaður)
Mint Solutions
ReMake Electric



Smári Þórarinsson, fjármálastjóri

Smári er fjármálastjóri Nýsköpunarsjóðs og hefur verið það frá stofnun hans 1998. Hann starfaði áður hjá Fiskveiðasjóði Íslands frá 1978-1997, fyrst sem bókari og svo deildarstjóri tölvudeildar. Hann gegndi stöðu aðalbókara hjá Fiskveiðasjóði Íslands árið 1992-1997.

Stjórnarseta fyrir NSA:

Norrænar myndir
Stjórnú-Oddi
Skelfélagið

Aðrir fulltrúar Nýsköpunarsjóðs í stjórnnum fyrirtækja



Árni Þór Arnason

Árni lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands 1972. Hann starfaði við heildverslunina Austurbakka hf. sem sölustjóri, framkvæmdastjóri og síðar forstjóri. Fyrirtækið fór á hlutabréfamarkað árið 2000 og var selt árið 2005. Árni hefur mikinn áhuga á nýsköpun og hefur tekið þátt í stofnun Omega Farma, Pars Pro, Green Diamond og gegnt stjórnarstörfum þar. Í gegnum einkahlutafélag sitt REMEDIU ehf. er Árni hluthafi í Ensímtækni, Gogogic og Oxymap þar sem hann er í hlutverki starfandi stjórnarformanns.

Stjórnarseta fyrir NSA:
Oxymap ehf. (formaður).



Elín Þórðardóttir

Elín er með BS-gráðu í rekstrarhagfræði frá háskólanum í Álaborg í Danmörku og Msc frá sama skóla í stjórnun og stefnumótun fyrirtækja. Elín Þórðardóttir hefur yfir 20 ára reynslu sem stjórnandi. Elín hefur meðal annars starfað sem forstjóri Opin kerfi Group, stjórnarformaður Kerfi AB í Svíþjóð, breytingastjóri Eimskips, fjármálastjóri deCode Genetics og B&L.

Stjórnarseta fyrir NSA:
Norrænar myndir ehf. (formaður).



Jón Steindór Valdimarsson

Jón er stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1978. Hann lauk embættisprófi í lögum frá HÍ árið 1985. Hann starfaði um tíma í fjármálaráðuneytinu en síðan hjá Vinnumálasambandinu. Réðst til Félags íslenskra iðnrekenda 1988 og starfaði síðan hjá Samtökum iðnaðarins frá stofnun þeirra haustið 1993, lengst af sem aðstoðarframkvæmdastjóri en framkvæmdastjóri frá hausti 2007.


Stjórnarseta fyrir NSA:
Geogreenhouse ehf.



Sverrir Geirdal


Sverrir er menntaður kerfisfræðingur frá Danmörku ásamt því að hafa MBA-gráðu frá Viðskiptaháskóla Kaupmannahafnar (CBS). Sverrir er einn af stofnendum ráðgjafarfyrirtækisins Ráðlags og frá 2002 hefur hann verið framkvæmdastjóri þess og meðeigandi. Sverrir sinnir jöfnum höndum verkefnum á sviði stjórnunar og upplýsingatækni. Má þar nefna stjórnarþátttöku, mat á fjárfestingarkostum, stefnumótun, innleiðingu og hönnun nýrra lausna. Þar að auki hefur hann lokið fjölda námskeiða á sviði áhættufjárfestinga (Venture Capital). Sverrir var starfsmaður Nýsköpunarsjóðs frá 1998 til 2001.

Stjórnarseta fyrir NSA:
Stjörnu-Oddi hf. (formaður).





Hilmir Ingi Jónsson í Remdke Electric.



Eiríkur Steingrímsson og Guðmundur H. Guðmundsson í Akthelia.

Helstu fjárfestingarverkefni Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins





AGR var stofnað árið 1998 af Gísla Reynissyni, Hálfadáni Guðna Gunnarssyni, Páli Jenssyni og Sveini Stefáni Hannessyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Haukur Þór Hannesson.

AGR þróar og selur lausnir til hagræðingar í rekstri aðfanga-keðjunnar. Félagið var stofnað árið 1998 í framhaldi af rannsóknarverkefnum við verkfræðideild Háskóla Íslands. Fyrirtækið hefur undanfarin ár þróað aðferðir og hugbúnað fyrir alþjóðlegan markað í nánú samstarfi við Rannís og Háskólann í Reykjavík. Helsta afurð fyrirtækisins er AGR Inventory Optimiser sem innleitt hefur verið hjá yfir 60 fyrirtækjum í 20 löndum. Kerfið framkvæmir söluspár fyrir hverja vöru og velur sjálfvirkt þá fræðilegu spáaðferð sem hentar best fyrir hverja vöru. Kerfið reiknar síðan út hversu miklar öryggisbirgðir fyrirtæki þurfa og leitast við að lágmarka það fé sem bundið er í birgðum en á sama tíma að eiga vöruna tiltæka þegar viðskiptavinurinn þarf á henni að halda. Helstu markaðssvæði AGR eru í Evrópu með áherslu á Norðurlöndin, Bretland og Holland. Fyrirtækið rekur þrjár skrifstofur undir merkjum AGR á Íslandi, í Bretlandi og Danmörku, en vinnur einnig náið með mörgum þekktum endursöluaðilum á meginlandinu.

www.agr.is

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2000 og hlutdeild sjóðsins er 8,9%.

Helstu hluthafar	%
Frumtak	42,7
Nýherji	20,7
Haukur Hannesson	10,3
Nýsköpunarsjóður	8,9
Aðrir	17,4



Akthelia Pharmaceuticals þróar sýklalyf með smásam-eindum sem geta örvað meðfæddar varnir líkamans og þannig unnið bug á smitsjúkdómum. Lyfjaþróunin byggist á niðurstöðum rannsókna við Háskóla Íslands og Karolinska Institutet í Stokkhólmi. Lyf þessi verka á annan hátt en hefðbundin sýklalyf og er því um að ræða nýja nálgun á meðferð gegn smitsjúkdómum. Lyfin gætu m.a. reynst gagnleg gegn sýklstofnum sem eru ónæmir fyrir hefðbundnum sýklalyfjum. Akthelia hefur nú sótt um tvö einkaleyfi til verndar tækninni sem lyfjaþróunin byggist á. Í gangi eru forklínískar og klínískar rannsóknir sem prófa virkni tækninnar gegn sýkingum í meltingarvegi og öndunarfærum. Leitað er að samstarfsaðilum til að fjármagna áframhaldandi lyfjaþróun.



www.akthelia.com



Akthelia Pharmaceuticals var stofnað árið 2002 af íslensku og sænsku vísindamönnum Eiríki Steingrímssyni, Guðmundi H. Guðmundssyni, Önnu Birgittu Agerbert og Kurt Roger Strömberg. Framkvæmdastjóri félagsins er Sigríður Ólafsdóttir

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008 og hlutdeild sjóðsins er 22,8%.

Helstu hluthafar	%
Birgitta Agerberth	18,4
Eiríkur Steingrímsson	18,4
Guðmundur H. Guðmundsson	18,4
Roger Stromberg	18,4
Nýsköpunarsjóður	22,8
Aðrir	3,6





Auris var stofnað árið 1999 af Guðrúnu Sæmundsdóttur og Karli G. Kristinssyni.

Auris ehf. vinnur að þróun á nýju lyfi til útvortis notkunar gegn bráðri miðeyrnabólgu. Viðskiptahugmyndin felur í sér notkun velþekkts bakteríudrepandi efnis sem komið er fyrir í sérhönnuðum eyrnatöppum, sem komið er fyrir í ytra eyra. Meðferðinni er ætlað að koma í stað hefðbundinnar sýklalyfjameðferðar. Sýklalyfjameðferð fylgja oft aukaverkanir og því mikil þörf innan heilbrigðiskerfisins á öðru meðferðarúrræði. Unnið hefur verið að klínískum rannsóknum þar sem lyfið var prófað á börnum með bráða miðeyrnabólgu. Nú er unnið að kynningu á niðurstöðunum fyrir erlendum aðilum með því markmiði að efna til samstarfs við áframhaldandi þróun og til undirbúnings fyrir markaðssetningu lyfsins.

Betware þróar leikjalausnir fyrir lotterí sem gerir þeim kleift að auka tekjur sínar með sölu í gegnum net og farsíma. Betware býður viðskiptavinum sínum upp á alhliðalausn fyrir leiki á netinu. Lausn fyrirtækisins gerir viðskiptavinum kleift að bæta ofan á lausn Betware-leikjum frá þriðja aðila. Betware framleiðir einnig eigin lotto-, skafmiða-, casino-, póker-, bingó- og afþreyingarleiki. Viðskiptavinir Betware eru Íslenskar getraunir, Íslensk getsþá, danska ríkislottóið, spænska ríkislottóið og fylkislottóið í Bresku-Kólumbíu í Kanada. Betware leggur ríka áherslu á að fjölga viðskiptavinum. Framtíð fyrirtækisins er björt og eru væntingar um að markaðs- og sölustarf þess á liðnum misserum skili sér í fjölgun viðskiptavina á árinu 2011. Betware varð fyrsta fyrirtækið í sínum geira til að bjóða upp á net leikjalausnir fyrir Íslenskar getraunir árið 1996.



Betware var stofnað árið 1996 af Stefáni Hrafnkelssyni og Margmiðlun hf. Framkvæmdastjóri félagsins er Stefán Hrafnkelsson.

www.betware.is


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2002 og hlutdeild sjóðsins er 19,8%.

Helstu hluthafar	%
Guðrún Sæmundsdóttir	31,3
Nýsköpunarsjóður	19,8
Karl G. Kristinsson	15,1
Encode	7,7
Aðrir	26,1



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2001 og hlutdeild sjóðsins er 1,7%.

Helstu hluthafar	%
Stefán Hrafnkelsson	16,6
Skógur ehf.	16,0
Ólafur Andri Ragnarsson	8,7
Hannes Hrafnkelsson	8,2
Anna Ólafía Sigurðardóttir	7,7
Nýsköpunarsjóður	1,7
Aðrir	41,1





Cooori var stofnað
árið 2010 af

Arnari Þór Jenssýni,

Birni Kristinssýni,

Eyþóri Eyjólfssýni,

Herði Kristbjörnssýni, Jens

Björgvini Helgasýni, Steindóri

Emil Sigurðssýni og Þorsteini

Guðlaugi Gunnarsýni.

Framkvæmdastjóri félagsins

er Arnar Þór Jensson.

Cooori er veflausn til tungumálanáms sem byggist á nýjustu tækni í máltöku- og kennslufræðum, gervigreind og talgrennslum. Cooori hefur algera sérstöðu á sviði slíkra lausna sem byggist á eftirfarandi: Cooori greinir hvað nemandanum gengur vel að læra og hvað honum gengur illa að læra og hámarkar skilvirkni námsins fyrir hvern nemanda. Cooori heldur utan um alla þætti tungumálanáms svo sem orðaforða, málfræði, framburð, talmálsskilning, les- og rit-þjálfun og samtalsþjálfun. Cooori styður einnig þá sem eru lengra komnir í tungumálanámi vegna þess að það býr yfir mun meiri orðaforða en aðrar lausnir. Aðstandendur eru með sérþekkingu á tungutækni, gervigreind og japönsku.

www.cooori.com

Dohop var stofnað 2004 til að þróa og reka vef sem auðveldar neytendum um allan heim að finna ódýrar flugferðir og tengingar milli þeirra, hvort sem flogið er með lágfargjaldaflugfélögum eða ekki. Í dag fær vefurinn heimsóknir frá flestum löndum heims enda til á 26 tungumálum og mánaðarlega koma u.þ.b. 600 þúsund gestir inn á vefinn. Dohop hefur gert auglýsingasamninga við hundruð flugfélaga og ferðaskrifstofa en auk þess selur Dohop flugfélögum og flugvöllum flugleitina sem þau nýta á eigin vefjum. Á vef Dohop er einnig að finna hótél- og bílaleiguleit sem unnin er í samstarfi við erlend fyrirtæki. Tæknin á bak við vefinn stendur traustum fótum og getur auðveldlega afkastað margfalt fleiri gestum. Á undanförmu ári var því lögð meiri áhersla á sölu- og markaðsstarf og áfram verður haldið á þeirri braut á komandi misserum.

www.dohop.is



Dohop var stofnað af
Frosta Sigurjónssýni.
Framkvæmdastjóri
félagsins er Kristján
G. Bjarnason.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2011
og hlutdeild sjóðsins er 17%.

Helstu hluthafar	%
Arnar Jensson	36,0
Nýsköpunarsjóður	17,0
Jens Björgvin Helgason	13,7
Aðrir	33,3



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008
og hlutdeild sjóðsins er 10,3%.

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	10,3
Aðrir	89,7





Ívar Helgason og María Rúnarsdóttir í Mint Solutions



Félagið var stofnað árið 2008.
Frankvæmdastjóri þess
er Þorsteinn Geirsson.

Expeda býr til veflausnir sem gera læknum, heilbrigðis-
starfsmönnum og einstaklingum mögulegt að nálgast og
nýta læknisfræðilega sérfræðiþekkingu á sviði beinþynningar
og sjálfsofnæmissjúkdóma. Þjónusta fyrirtækisins er gerð
aðgengileg í gegnum hefðbundnar PC-tölvur sem og önnur
veflæg jaðartæki s.s. snjallsíma og töflur (Apps). Fyrirtækið
veitir viðskiptavinum sínum læknisfræðilega sérfræðiráðgjöf
á þremur megin sviðum, þ.e. á sviði forvarna, greiningar
og meðferðar þeirra sjúkdóma sem um ræðir. Fyrirtækið
markaðssetur lausnir sínar undir nafninu Expeda. Megin-
áherslur fyrirtækisins eru að svara þörfum þriggja markaða,
lyfjaiðnaðar, tryggingastarfsemi og einstaklingsmarkaðar
sem eru sjálfstætt starfandi læknar og einstaklingar.
Fyrirtækið vinnur með heimsþekktum innlendum og erlendum
vísindamönnum að vöruþróun og markaðssetningu á
þjónustu sinni og hafa Evrópa og Bandaríkin verið skilgreind
sem helstu markaðssvæði fyrirtækisins. Í árslok 2011 varð
Nýsköpunarsjóður hluthafi.

www.expeda.is

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2011
og hlutdeild sjóðsins er 9,2%.

Helstu hluthafar	%
Björn Rúnar Lúðvíksson	35,6
Per Schmidt	17,8
Björn Guðbjörnsson	17,8
Intellix Holdings	16,0
Nýsköpunarsjóður	9,2
Aðrir	3,6



Fjölblendir ehf. hefur þróað nýtt eldsneytiskerfi sem
dregur úr útblæstri. Kerfið er kallað TCT (Total Combustion
Technology) og er uppfinning Kristjáns Björns Ómarssonar.
Á síðustu fjórum árum hefur áherslan verið á þróun TCT
fyrir fjörgengisvélar undir 225cc, einkum með áherslu á
slátturvélar, rafstöðvar, vatnsdælur o.s.frv. Á síðasta ári var
unnið að aðlögun á TCT fyrir fjöldaframleiðslu og prófunum
á mismunandi útfærslu nokkurra lykilhluta TCT í samvinnu
við framleiðanda TCT í Kína. Lokaáfanginn í ferlinu er hafinn í
samvinnu við væntanlegan viðskiptavin sem áformar að setja
á markað vöru þar sem notuð verður TCT-tækni.


www.tct.is



Fjölblendir ehf var stofnað
af Kristjáni Birni Ómarssyni
árið 1996.

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2001
og hlutdeild sjóðsins er 10%.

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	10,0
Kristján Björn Ómarsson	8,1
Ómar Breiðfjörð	6,0
Aðrir	75,9





Fyrirtækið var stofnað árið 2007. Framkvæðull og framkvæmdastjóri Gagnavörslunnar er Brynja Guðmundsdóttir.

Gagnavarslan býður upp á heildarlausn á sviði skjalamála og varðveislu. Gagnavarslan býður upp á sérfræðiþjónustu við greiningu rekstrarferla og gerð skjalaáætlana. Þá sér fyrirtækið um að varðveita gögn eins og skjöl, muni og menningarminjar fyrir fyrirtæki og stofnanir á öruggan og skipulagðan hátt í sérhæfðu vörsluhúsnæði. Fyrirtækið hefur þróað hugbúnaðinn CORE data sem er öflugt upplýsingastýringarkerfi. Fyrirtækið stefnir á að fara með hugbúnaðinn í útflutning eftir að hafa dafnað á innlendum markaði.

www.gagnavarslan.is

Genís þróar nýjar aðferðir til að meðhöndla bólgu og hörnnunarsjúkdóma einkum í bein- og brjóskef en einnig í öðrum vefjum líkamans. Áherslur eru þrjúþættar: Unnið er að þróun aðferða til að nota amínósýkrur til að efla græðingarmátt skaddaðs beinvefjar með ígræðsluefnum við skurðaðgerðir. Verið er að þróa sykruform sem hægt er að gefa um munn til að sporna gegn vefjaskemmdum af völdum bólgu. Unnið er að rannsóknum sem lúta að því að varpa ljósi á þá ferla sem liggja til grundvallar líffræðilegri virkni amínósýkranna. Genís vinnur mikið með innlendum og erlendum vísindamönnum og hefur rekið samstarfsverkefni með átta erlendum háskólastofnunum og fyrirtækjum, tíu innlendum vísindamönnum, fjórum meistara- og doktorsnemum og tveimur innlendum sprotafyrirtækjum á sviði lyfjaþróunar.


www.genis.is



Genís var stofnað af Hólshyrnu ehf. og Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins árið 2005. Framkvæmdastjóri félagsins er Jóhannes Gíslason.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009 og hlutdeild sjóðsins er 17,9%.

Helstu hluthafar	%
Core Invest ehf.	21,5
Auður I fagfjárfestisjóður	19,6
Nýsköpunarsjóður	17,9
Andrea Rafnar	15,4
Aðrir	25,6



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2005 og hlutdeild sjóðsins er 45,5%.

Helstu hluthafar	%
Hólshyrna	54,5
Nýsköpunarsjóður	45,5





Geogreenhouse var stofnað árið 2010 af Sigurði Kiernan, Sveini Aðalsteinssyni, Gunnlaugi Karlssyni og Bjarna Finnssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Sveinn Aðalsteinsson.

Geogreenhouse ehf. var stofnað í því markmiði að reisa hátæknigróðurhús til tómatframleiðslu við hlið jarðvarmavirkjunar. Staðsetningin gerir gróðurhúsinu kleift að nýta glatvarma, koltvísýring og ferskt vatn beint frá virkjuninni. Lýst gróðurhús af þessari stærð getur jafnað afltoppa og líkist því annarri stóriðju hvað raforkunotkun varðar. Hagræðið sem af því fylgir gerir raforkukaup hagkvæmari. Framleiddir verða hágæðatómatar allt árið um kring sem eru lausir við skordýraeitur, kolefnisjafnaðir og framleiddir með fersku íslensku vatni. Ráðgert er að flytja alla þá tómatu sem framleiddir verða í gróðurhúsinu til útlanda.

www.geogreenhouse.is

Gogogic sérhæfir sig í gerð samfélagsleikja sem má aðlaga fyrir mismunandi miðla og tæki. Leikirnir eru af öllum stærðum en eru sérstaklega ætlaðir til þess að fólk geti nálgast þá og spilað með sem einföldustum hætti - til dæmis í gegn um vafra eða farsíma. Stærsti leikur félagsins er Vikings of Thule sem keyrir á samfélagsvefnum Facebook. Aðrir leikir sem félagið hefur gefið úr eru Soft Freak Fiesta (iOS) og Symbol6 (iOS). Félagið hefur einnig sinnt þróunavinnu fyrir önnur fyrirtæki í leikjaiðnaði, og þróaði t.d. leikinn Habitarium fyrir Nickelodeon. Fyrirtækið sendi frá sér leikinn Tiny Places fyrir iOS í árslok 2011 og vinnur nú hörðum höndum að þróun leiksins GodsRule.


www.gogogic.com



Gogogic var stofnað af Lofti Reimari Gissurarsyni árið 2006. Framkvæmdastjóri félagsins er Jónas Björgvin Antonsson.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010 og hlutdeild sjóðsins er 20%.

Helstu hluthafar	%
SFG	34,1
Investum	30,0
Nýsköpunarsjóður	20,0
Bjarni Finnsson	8,0
Primordia	8,0



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009 og hlutdeild sjóðsins er 20%.

Helstu hluthafar	%
Frumtak	70,0
Nýsköpunarsjóður	20,0
Go Invest	10,0





Alison MacNeil í gogoyoko.

gogoyoko

Gogoyoko var stofnað árið 2007 af Hauki Magnússyni og Péttri Úlfi Jónssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Alison MacNeil.

Fair Play in Music **gogoyoko** var stofnað til þess að leiða þýðingarmikla breytingu í tónlistariðnaðinum með viðskiptalíkani sem nefnist "Fair Play in Music" og setur rétt listamanna í algjöran forgang. Félagið býður "e-commerce"-lausn fyrir listamenn sem tryggir þeim hærri greiðslur en eru í boði hjá keppinautum auk þess að bjóða neytendum gjaldfrjálsa hlustun á góðu úrvali af "independent" tónlist. gogoyoko mun færa "Fair Play in Music" til alls heimsins.

www.gogoyoko.com

Grapewire er ungt og framsækið hugbúnaðarfyrirtæki um þróun vefsölulausna fyrir alþjóðlegan tónlistariðnað. Félagið hefur svo fært sig inn á þjónustu við fjarskiptafyrirtæki. Tónlistarþjónusta Grapewire gerir fjarskiptafyrirtækjum kleift að bjóða viðskiptavinum sínum afþreyingarþjónustu í eigin nafni og ná þannig milliliðalausri tengingu við viðskiptavini sína. Í desember 2010 hóf Síminn hf. að bjóða viðskiptavinum sínum tónlistarþjónustu Grapewire í eigin nafni, annars vegar sem „Bestu lögin“ og hins vegar sem „RingTóna“ fyrir yngri notendur. Í febrúar 2011 hlutu Bestu lögin Íslensku vefverðlaunin, SVEF, sem Besti afþreyingar- eða fréttavefurinn. Niðurlag dórnemfndar segir allt sem segja þarf: „Svona á afþreying að vera!“ Nú er unnið að markaðssetningu á lausn fyrirtækisins á erlendum mörkuðum.


www.grapewire.com



Grapewire var stofnað árið 2004 af Einari Erni Benediktssyni og Agli Erlendssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Sverrir Hreiðarsson.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008 og hlutdeild sjóðsins er um 25,9%.

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður (Gogo Holding)	25,9
Frumtak	16,8
Haukur D. Magnússon	12,2
Pétur Jóhann Einarsson	12,1
Magnús L. Sigurðsson	7,7
Ólafía K. Bjarnleifsdóttir	7,7
Aðrir	17,6



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009 og hlutdeild sjóðsins er 30%.

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	30,0
XX25 ehf.	10,0
Íslenskt hugvit ehf.	9,2
Einar Örn Benediktsson	9,0
Egill Rúnar Erlendsson	8,7
Francesca von Habsburg	8,0
Aðrir	25,1






Intelscan var stofnað árið 2000 af Ólafi Helga Jónssyni og er framkvæmdastjóri félagsins Júlíus Benediktsson.

Intelscan var stofnað í framhaldi af því að aðstandendur uppgötvuðu þörf í nokkrum framleiðslugreinum. Til að leysa þessa þörf var þróað mælitæki sem mælir vatnsinnihald ýmissa efna á svipstundu án snertingar og án nokkurrar meðhöndlunar á efninu sem mælt er. Mælitækið hefur reynst vel, og tækifæri hefur skapast til að þróa hugbúnað með mælitækinu til að hjálpa framleiðendum að nota upplýsingar frá því til stýringar á framleiðsluferlinu. Helstu iðngreinar sem félagið selur til eru fóðuriðnaður og matvælavinnsla. Fyrirtækið er 10 ára gamalt og hefur starfað með sumum af stærstu fyrirtækjum heims á sínu sviði. Sala og markaðssetning erlendis hófst árið 2007 og seld hafa verið yfir 50 kerfi til Evrópu, Bandaríkjanna, Afríku og Asíu. Markaður fyrir slík mælitæki er mjög stór og fjölbreyttur og án landamæra.

www.intelscan.is

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2000 og hlutdeild sjóðsins er 43%.

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	43,0
0105 Holding ehf.	30,0
Ólafur Helgi Jónsson	13,1
Kjartan Magnússon	6,4
Aðrir	7,5



Húð mannlíkamans er stærsta líffæri mannsins. Þrálát sár á húð og annar vefjaskaði er algengt óleyst heilbrigðisvandamál. Markmið **Kerecis** er að þróa og markaðssetja lausnir til meðhöndlunar á vefjaskaða. MariGen Omega3 og MariCell Omega3 eru vörur sem byggjast á fyrstu kynslóð tækni Kerecis og hófst sala á þeim í ár. MariGen Omega3 er stöðfni til meðhöndlunar á þrálátum sárum – þrálát sár eru verulegt óleyst heilbrigðisvandamál en árlega eru framkvæmdar yfir 100 þúsund aflímanir í Bandaríkjunum einum vegna sára sem ekki gróa, m.a. hjá sykursjúkum. MariCell Omega3 eru sérhönnuð krem til meðhöndlunar á þurri húð með einkennum húðbólgu þ.m.t. húð sykursjúkra, ásamt exemi og psoriasis. Þróunaráætlun Kerecis er metnaðarfull og mun næstu kynslóðar tækni fyrirtækisins m.a. innihalda lifandi frumur og er markmiðið að nota þá tækni m.a. til meðhöndlunar á þrálátum sárum en einnig til meðhöndlunar og jafnvel uppbyggingar á sköðuðum líffærum.

www.kerecis.is

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009 og hlutdeild sjóðsins er 31%.

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	31,0
FnF ehf.	43,1
Aðrir	25,9



Kerecis var stofnað árið 2007 af Guðmundi Fertram Sigurjónssyni, dr. Baldri Tuma Baldurssyni, Hilmarí Kjartanssyni og J. Ernest Kenney. Framkvæmdastjóri félagsins er Guðmundur F. Sigurjónsson.




Kine var stofnað árið 1996 af Baldri Þorgilssyni, Þórði Helgasyni og Ásmundi Eiríkssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Ásmundur Eiríksson.

Þörfin fyrir algerlega þráðlaust margrásá EMG-kerfi (Electro MyoGramm) var ein af meginástæðum stofnunar **Kine**. Möguleikinn á að koma hreyfimyndum (video) inn í slík kerfi hafði líka mikið að segja. Staðreyndin er sú að við höfum mikið af ýmiss konar þráðlausum kerfum, s.s. sínum og öðrum tölvustýrðum kerfum, í kring um okkur í dag. Þessi staðreynd styður þörfina fyrir þróun í þessa átt. Í framtíðinni sjáum við aukningu á margskonar þráðlausum kerfum og þau munu í auknum mæli verða hluti af notkunarsviðum fyrir fagfólk sem tengist endurhæfingu, forvarnarstarfi á heilbrigðissviði og tengdum sviðum.

www.kine.is

Lífeind ehf. var stofnað árið 2001 og er að skapa sér sérstöðu innan líftæknigeirans með nýrri tegund tvívíðs rafráttar til gæðagreiningar á flóknum kjarnsýrusýnum. Síðastliðin ár hafa starfsmenn Lífeindar unnið að þróun örgerlarafdráttarbúnaðar til að bjóða væntanlegum viðskiptavinum upp á einfalda og fljótvirka leið til að framkvæma tvívíðar rafráttargreiningar á kjarnsýrum. Árið 2008 var stofnað systurfyrirtæki Lífeindar í Skotlandi, BioCule (Scotland) Limited. Það fyrirtæki hefur unnið að undirbúningi fyrir framleiðslu tækjabúnaðar, öflun viðskiptasambanda og markaðssetningu. Félagið vinnur á grundvelli þriggja einkaleyfa. Markaðssetning tækjabúnaðar og rekstrarvara er hafin með kynningu tækninnar til valinna vísindamanna og rannsóknarstofnanna. Hjá félaginu voru þrjú starfsmenn um síðustu áramót.

www.lifeind.com



Lífeind var stofnað af Jóni Jóhannesi Jónssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Hans Guttormur Þormar.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2000 og hlutdeild sjóðsins er 25,1%.


Helstu hluthafar	%
Kine Academy	38,1
Nýsköpunarsjóður	25,1
Vogun hf.	24,2
Aðrir	12,6



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2001 og hlutdeild sjóðsins er 43,7%.

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	43,7
Jón Jóhannes Jónsson	31,5
Tækniþróun ehf.	6,3
Aðrir	18,5





Eiríkur Sveinn Hrafnsson, Tryggvi Lárusson og Gísli Kristjánsson í greencloud.

MARORKA

Frumkvöðull og framkvæmdastjóri Marorku er Jón Ágúst Þorsteinsson.

Fyrirtækið hefur þróað einstakt tölvukerfi sem fylgist með orkunotkun um borð og flotastjórnunarkerfi sem gerir stjórnendum í landi kleift að fylgjast með frammistöðu alls flotans. **Marorka** var stofnuð 2002, spröttin úr rannsóknum frumkvöðulsins varðandi hámarkun orkunýtingar skipaflotans. Vörur Marorku eru sterkar á markaði og sala félagsins í örum vexti.

www.marorka.is

Menn og mýs Menn og mýs ehf þróar og selur hugbúnaðarlausnir til stjórnunar á DNS-, DHCP- og IP-innviðum (DDI) fyrir stór alþjóðleg fyrirtæki undir nafninu Men & Mice Suite. Undir kjörorðunum „First Choice in IP Address Managent“ leggur fyrirtækið áherslu á vandaða vöru, þekkingu og þjónustu. Menn og mýs var stofnað árið 1990 kringum skólaverkefni við gerð stundaskrárforrits. Árið 1995 var hafin vinna við gerð fyrsta QuickDNS sem var fyrsti DNS-þjónninn fyrir Mac-umhverfi. Félagið er fjárhagslega sterkt og hefur verið rekið með hagnaði undanfarin ár, 99% tekna koma frá erlendum stórfyrirtækjum og markaður fyrir DDI er í hröðum vexti. Í dag eru 22 starfsmenn hjá félaginu.

menandmice.com

MEN&MICE

Menn og Mýs var stofnað af Péttri Péturssyni og Jóni Georgi Aðalsteinssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Jón R. Kristjánsson.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2006 og hlutdeild sjóðsins er 14,5%.

Helstu hluthafar	%
Jón Ágúst Þorsteinsson	27,0
Þórður Magnússon	17,3
Mayfair	15,4
Nýsköpunarsjóður	14,5
VSÓ Ráðgjöf	9,5
Aðrir	16,3



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2001 og hlutdeild sjóðsins er 24,4%.

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	24,4
Hiidenki vi Investment Oy	18,3
Magnolia Ventures Oy	18,2
Pétur Pétursson	14,7
Jón Georg Aðalsteinsson	14,7
Aðrir	9,7





Mentis Cura var stofnað árið 2004 af Kristni Johnsen og Lyfjabróun ehf. Framkvæmdastjóri félagsins er Kristinn D. Grétarsson.

Mentis Cura hefur þróað aðferð sem greinir ýmsa heilásjúkdóma út frá heilalínuritum. Með aðferð félagsins er vonast til að sjúkdómar verði greindir fyrr en áður og af miklu meira öryggi fyrir minna fé. Greiningin geti aukið möguleika á árangursríkari meðferðum og einnig komið að mikilvægum notum við þróun á lyfjum. Fyrsta afurð félagsins er tilbúin og greinir hún hvort fólk með minnisglöp hafi heilásjúkdóminn Alzheimer eða aðrar heilabilanir. Búnaðurinn er í notkun á sjúkrahúsum hér og erlendis og markaðssetning er að hefjast í Evrópu. Fleiri afurðir eru í farvatninu og sú næsta verður á sviði ofvirkni og athyglisbrests hjá börnum.

www.mentiscura.is

Mentor var stofnað árið 2000. Hlutverk fyrirtækisins er að auka árangur í skólastarfi en lykillinn að því er að allir nemendur nái sínum markmiðum! Mentor býður upp á heildstætt upplýsinga- og námskerfi fyrir alla sem starfa með börnum og unglingum. Með því að gera markmið nemandans skýr og sýnileg færast foreldrar og nemendur nær skólanum og eru betur í stakk búnir að taka þátt í samstarfi og ákvarðanatöku. Í dag er InfoMentor notað í flestum grunnskólum á Íslandi auk fjölda leikskóla og íþróttafélaga. Í Svíþjóð er InfoMentor notað í um 1000 grunn- og framhaldsskólum og búið er að selja lausnina til fjölmargra skóla í Þýskalandi og Sviss. Fyrstu skólarnir í Bretlandi byrja að nota InfoMentor nú í ágúst. Framundan er öflug markaðssókn á öllum þessum mörkuðum. Mentor rekur skrifstofur í fimm löndum og alls starfa um 60 starfsmenn hjá fyrirtækinu.

www.mentor.is



Mentor var stofnað af Jóni Georgi Aðalsteinssyni, Péttri Péturssyni og Vilborgu Einarsdóttur sem einnig er framkvæmdastjóri félagsins.

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009 og hlutdeild sjóðsins er 14,9%.

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	14,9
Þorvaldur Gissurarson	13,7
Abelsnes Invest AS	12,4
Kristinn Johnsen	10,3
Aðrir	48,7



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2007 og hlutdeild sjóðsins er 13,9%.

Helstu hluthafar	%
Frumtak	37,4
Nýsköpunarsjóður	13,9
Vilborg Einarsdóttir	17,7
Jón Georg Aðalsteinsson	17,7
Aðrir	13,3





Mint Solutions var stofnað árið 2010 af Gauta Reynissyni, Ívari Helgasyni og Maríu Rúnarsdóttur. Framkvæmdastjóri félagsins er Gauti Reynisson.

Fyrirtækið **Mint Solutions** hefur hannað MedEye-lausnina sem auðveldar sjúkrastofnunum að hafa eftirlit með lyfjagjöfum. Markmið fyrirtækisins er að vera leiðandi í gerð lausna til lyfjaeftirlits á sjúkrastofnunum og hefja markaðssetningu erlendis. Mistök við lyfjagjöf eru alvarlegt vandamál sem allar sjúkrastofnanir glíma við og kostar fjölda mannlífa á ári hverju. MedEye skannar lyf myndrænt og greinir lyfjategundir til að koma í veg fyrir mistök. MedEye eykur öryggi við lyfjagjöf verulega og er einstakt í sinni röð. Sótt hefur verið um einkaleyfi á lausninni.

www.mint.is

NordicPhotos ehf. sérhæfir sig í sölu ljósmynda í gegnum netið um allan heim eftir ljósmyndara á Norðurlöndunum ásamt því að selja ljósmyndir úr þekktum erlendum myndaböndum á Norðurlandabjórðunum. NordicPhotos er með samninga við yfir 500 ljósmyndara frá öllum Norðurlöndunum ásamt umboðum fyrir um 100 erlend myndasöfn og hefur skapað sér sess sem eitt stærsta myndasafn á Norðurlöndum. Á árunum 2003-2006 keypti NordicPhotos fjóra sænska ljósmyndabanka, IMS Bildbyrå, Mira Bildarkiv, Tiofoto og Greatshots. Árið 2007 keypti félagið norska fyrirtækið Gv-press. Starfsemi fyrirtækjanna hefur verið sameinuð rekstri NordicPhotos og er nú unnið að því að setja myndasöfn fyrirtækjanna á stafrænt form og auka alþjóðlega dreifingu þeirra. 140.000 ljósmyndir frá ljósmyndurum NordicPhotos hafa verið settar á stafrænt form og er þeim nú dreift í gegnum alþjóðlegt sölunet sem í eru 100 erlend umboðsfyrirtæki og nær til 85 landa.

www.nordicphotos.com



NordicPhotos ehf. var stofnað árið 2000 af Arnaldi Gauta Johnson, hann er framkvæmdastjóri félagsins.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2011 og hlutdeild sjóðsins er 11%.

Helstu hluthafar	%
Stofnendur	76,2
Nýsköpunarsjóður	11,0
Aðrir	12,7



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2002 og hlutdeild sjóðsins er 42,5%.

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	42,5
Kjartan Dagbjartsson	6,4
Arnaldur Gauti Johnson	6,5
Steinunn Jónsdóttir	6,4
Hreinn Ágústsson	4,2
Aðrir	34,0





Guðmundur F. Sigurjónsson, Baldur Tumi Baldursson og Hilmar Kjartansson í Kerecis.

Oxymap

Oxymap var stofnað árið 2002 af Bryndísi Þórðardóttur og Einari Stefánssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Árni Þór Árnason.

Oxymap var stofnað til að þróa og markaðssetja rannsóknartæki til mælinga á súrefnismettun í sjónhimnu augans. Brenglun á súrefnisbúskap í sjónhimnu er talin koma við sögu í mörgum algengum og alvarlegum augnsjúkdómum, t.d. sjónhimnusjúkdómi í sykursýki og gláku. Oxymap framleiðir Retinal oximeter sem mælir súrefnismettun og þvermál æða í sjónhimnu. Unnið er að þróun á hugbúnaði súrefnismælisins, að því að tryggja hugverkaréttindi með einkaleyfum, að gæðavottun og almennu markaðsleyfi. Oxymap vinnur með helstu rannsóknastofnunum á sviði augnlækninga í heiminum til að sýna fram á notagildi vörunnar. Hugbúnaður Oxymap og súrefnismælirinn passa vel inn í vörulínu hjá helstu tækjaframleiðendum á sviði augnlækninga.

www.oxymap.com

Primex ehf. er fyrirtæki í sjávarlíftækni; sérhæft í framleiðslu á einstaklega hreinu kítíni og kítósani. Hráefnið er eingöngu skel af ferskri kaldsjávarrækju (*Pandalus borealis*) sem unnin er á Norðurlandi. Um 14 manns vinna í verksmiðju og á skrifstofu fyrirtækisins á Siglufirði. Primex markaðssetur og selur gæðavottuð, rekjanleg, vísindalega áreiðanleg og nýstárleg efni til margvíslegra nota: LipoSan Ultra® eru fitubindi- og kólesteróllækkandi efni. ChitoClear®-vörulínan er mjög fjölbreytt og er m.a. notuð sem hráefni í matvæla- og snyrtivörur og sem aðalefni í plástra og sárabindi og í sáragei fyrir dýr.


www.primex.is



Primex var stofnað árið 1997 af fyrirtækjunum Genís hf., Ramma hf. og SR-mjöli hf. Framkvæmdastjóri félagsins er Ólafur Helgi Marteinsson.



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008 og hlutdeild sjóðsins er 35%

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	35,0
Einar Stefánsson	11,3
Jón Atli Benediktsson	11,3
Bryndís Þórðardóttir	6,8
Aðrir	35,6



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 1998 og hlutdeild sjóðsins er 22,5%.

Helstu hluthafar	%
Rammi hf.	50,4
Nýsköpunarsjóður	22,5
Síldarvinnslan hf.	14,1
Samherji hf.	7,8
Aðrir	5,2





ReMake Electric var stofnað árið 2010 af Hilmi Inga Jónssyni sem einnig er framkvæmdastjóri félagsins.

ReMake Electric hefur þróað rafskynjara sem kemur í stað hefðbundinna rafmagnsöryggja. Búnaðurinn nýtist vel sem greiningartæki og gefur notendum, bæði á heimilum og í stærri fyrirtækjum, tækifæri á að vera upplýstir um rafmagnsnotkunina og stuðla þannig að orkusparnaði og auknu öryggi. Hilmir Ingi Jónsson frumkvöðull uppgötvaði í starfi sínu sem rafvirki að skortur var á upplýsingum til bilanaleitar og kviknaði hugmyndin í framhaldinu. ReMake Electric vann Gulleggið árið 2010 og í framhaldinu komu fjárfestar að fyrirtækinu. Unnið er að frekari þróun CBM lausnarinnar (Circuit Breaker Meeter) í samstarfi við innlenda og erlenda aðila og stefnir ReMake Electric á að koma vörinni á alþjóðlegan markað í nánustu framtíð.

www.remake-electric.com

Skelfélagið í Hrísey er nýtt félag sem byggt er á gömlum grunni Norðurskeljar en það félag hafði um rúmlega tíu ára skeið verið í fylkingarbrjósti í þróun ræktunar og framleiðslu bláskeljar á Íslandi. Mikil þekking er til staðar í hinu nýja félagi og er það auk þess vel tækjum búið til að takast á við hið krefjandi verkefni að færast af nýsköpunar- og þróunarstigi yfir í fullskapað framleiðslu- og markaðsfyrirtæki á næstu misserum. Hið nýja fyrirtæki ræktar, vinnur og selur lifandi hágæðabláskel á innanlandsmarkað og til útflutnings. Einnig er unnið að þróun frekari vinnsluaðferða til að efla og styrkja rekstrargrunn fyrirtækisins til lengri tíma litið. Ræktun bláskeljar er sjálfbær og vistvæn ræktun. Engum aukaeftum, fóðri eða lyfjum er bætt í sjóinn við ræktunina og umhverfisrask er nánast ekkert. Auk þess að vera herramannsmatur er bláskelin sannkallað heilsufæði. Rík af Omega 3 og 6, A- og D-vítáminum, járni og próteinum en mjög lág í hitaeiningum. Síðast en ekki síst er hún bæði fljót- og auðelduð og því má til sanns vegar færa að hún sé heilsusamlegur skyndibiti úr hafinu.



Skelfélagið var stofnað árið 2011 og framkvæmdastjóri félagsins er Jóhannes Már Jóhannesson

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010 og hlutdeild sjóðsins er 18%.

Helstu hluthafar	%
Hilmir Ingi Jónsson	48,4
Eyrir Invest	20,0
Nýsköpunarsjóður	18,0
Aðrir	13,6



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2011 og hlutdeild sjóðsins er 42.%.

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	42,0
Tækifæri	31,6
Aðrir	26,4





Stiki var stofnaður af Svönu Helen Björnsdóttur og er hún framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Stiki ehf. var stofnað árið 1992. Fyrirtækið þróar nú tvöns konar hugbúnaðarlausnir; annars vegar til að meta áhættu í rekstri og hins vegar til að meta gæði heilbrigðisþjónustu. Í báðum tilvikum er byggt á ferlavirkni og notkun alþjóðlegra staðla. Risk Management Studio, RM Studio®, er hugbúnaður hannaður fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög sem vilja tryggja öryggi og gæði í allri starfsemi sinni. Útflutningur á RM Studio hófst í árslok 2008 og er Stiki nú með viðskiptavinum og samstarfsaðila í 16 löndum. RAI-hugbúnaður Stika er þróaður í samstarfi við íslenskar heilbrigðisstofnanir til gæðamats í heilbrigðisþjónustu. Gæði þjónustu eru metin fyrir marga þætti heilbrigðisþjónustu og gæðavísar reiknaðir út. RAI-hugbúnaðurinn er ætlaður opinberum og einkaaðilum í heilbrigðisþjónustu. Allur rekstur Stika er vottaður skv. ISO 9001 og ISO/IEC 27001. Stiki er gullvottaður Microsoft-samstarfsaðili.

www.stiki.is

Stjörnu-Oddi hf. var stofnað 1985 og er orðið eitt fremsta fyrirtæki í heimi á sviði rafeindamerkja sem notuð eru til rannsókna á sjávardýrum. Mælitækin eru smáir síritar sem safna saman gögnum um ýmsa umhverfisþætti, s.s. dýpi, hitastig og seltu, auk þess að geta sýnt stefnu, halla og tekið á móti staðsetningu. Gögnin er hægt að skoða í PC-tölvu í gröfum og töflum, þar sem hver mæling hefur sína dagsetningu og klukku. Markmið rannsóknaraðila með notkun fiskmerkjanna er að hafa upplýsingagrunninn það góðan að hægt sé að bæta veiðiráðgjöfina til sjálfbærrar nýtingar á fiskauðlindum. Verið er að útvíkka markaðslega skírskotun félagsins með því að sækja inn á nýja markaði með tilbúnað vörur.


www.star-oddi.com



Stjörnu-Oddi hf. var stofnað af Jóhönnu Ástvaldsdóttur og Sigmar Guðbjörnssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Sigmar Guðbjörnsson.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2007 og hlutdeild sjóðsins er 32,9%.

Helstu hluthafar	%
Svana Helen Björnsdóttir	33,6
Bjarni Þór Björnsson	33,5
Nýsköpunarsjóður	32,9



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 1999 og hlutdeild sjóðsins er 36,9%.

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	36,9
Sigmar Guðbjörnsson	27,0
Jóhanna Ástvaldsdóttir	15,0
Aðrir	21,1





Karl Ægir Karlsson og Haraldur Þorsteinsson í 3Z.

TRANSMIT

Transmit var stofnað árið 2009 af Agnari Sigmarssyni, Finni Pálma Magnússyni og Geir Freyssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Geir Freysson.

Transmit var stofnað til að þróa hugbúnað fyrir umsýslu rafræns markaðsefnis sem henti litlum og meðalstórum fyrirtækjum, en núverandi lausnir einblína á stærri fyrirtæki. Vara Transmit er Brand Regard sem gerir litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að tryggja að allir starfsmenn og samstarfsaðilar fyrirtækja hafi auðveldan aðgang að stafrænum markaðsgögnum, svo sem lógóum, bæklingum og myndum. Transmit hefur hafið sölu á Brand Regard á Íslandi og í Bretlandi.

www.transmit.is

Tölvuský GreenQloud – grænt tölvuský er fyrsta umhverfisvæna tölvuský heims. Um þessar mundir undirbúa fjölmörg fyrirtæki byggingu tölvuvera á Íslandi og horfa fyrst og fremst til erlendra tölvuskýveitna sem viðskiptavina, en Ísland er talið hafa töluvert forskot fyrir rekstur tölvuvera (sjá t.d. www.invest.is). GreenQloud-tölvuskýið stuðlar að fullnýtingu orkuauðlinda með stærri hluta virðisikeðjunnar staðsetta á Íslandi. Tölvuskýþjónusta GreenQloud fór í loftið sumarið 2011.


www.greenqloud.com



Tölvuský var stofnað árið 2010 af Eiríki Sveini Hrafnsyni og Tryggva Lárussyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Eiríkur Sveinn Hrafnsson.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010 og hlutdeild sjóðsins er 23,6%.

Helstu hluthafar	%
Agnar Sigmarsson	29,4
Geir Freysson	29,4
Nýsköpunarsjóður	23,6
Tom Salmon	7,2



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2011 og hlutdeild sjóðsins er 17%.

Helstu hluthafar	%
Kjölur	41,8
Tryggvi Lárusson	17,0
Nýsköpunarsjóður	17,0
Eiríkur Sveinn Hrafnsson	12,1
Aðrir	12,1





Valka var stofnuð árið 2003. Framkvöðull og framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Helgi Hjálmarsson.

Fyrirtækið **Valka** var upphaflega stofnað vegna tækifæra fyrir nýjan tækniúnað í fiskiðnaði. Fyrirtækið býður nú upp á mjög fjölbreyttar hugbúnaðar- og vinnslulausnir sem nýtast flestum fiskvinnslum í heiminum í dag. Staða Völlu hefur aldrei verið sterkari og stefnir fyrirtækið í áframhaldandi hraðan vöxt á næstu árum.

www.valka.is

Videntifier Technologies var stofnað 2007 og er sprottið upp úr rannsóknarvinnu við Háskólann í Reykjavík á sviði leitar í myndgagnagrunnum. Í dag er aðaláherslan og sú markaðssýlla, sem Videntifier Technologies hefur valið sér, að auðvelda lögreglu að finna ólöglegt myndefni á tölvubúnaði. Vara félagsins, Videntifier Forensic, getur á alsjálfrákan hátt borið kennsl á myndefni á tölvum og þannig aðstoðað við að uppræta barnaklám og annað ólöglegt myndefni. Kerfið eykur afköst lögreglunnar til muna við greiningu myndefnis. Félagið markaðssetur lausnina til lögregluembætta um allan heim, og er nú að byggja sér alþjóðlegt sölunet umboðsmanna.


www.videntifier.com



Videntifier Technologies var stofnað af Friðriki Ásmundssyni og Herwig Lejsek. Framkvæmdastjóri félagsins er Herwig Lejsek.


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008 og hlutdeild sjóðsins er 22,8%

Helstu hluthafar	%
Helgi Hjálmarsson	29,5
Nýsköpunarsjóður	22,8
Frumtak	20,6
Aðrir	27,1



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010 og hlutdeild sjóðsins er 24,1%

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	24,1
Herwig Lejsek	22,6
Friðrik Ásmundsson	17,4
Háskólinn í Reykjavík	16,3
Kristleifur Daðason	6,4
Aðrir	13,2



Innovit var stofnað formlega
6. september 2007.

Aðalhvítamenn að stofnun
félagsins voru Andri Heiðar
Kristinsson, Magnús Már
Einarsson og Stefanía
Sigurðardóttir. Auk þeirra
voru Nýsköpunarsjóður
atvinnulífsins og Samtök
iðnaðarins stofnaðilar.



Framkvæmdastjóri
Innovit er Kristján Freyr
Kristjánsson


Innovit starfar sem nýsköpunar- og frumkvöðlasetur fyrir kraftmikið og metnaðarfullt fólk með góðar viðskiptahugmyndir þar sem lögð er megináhersla á viðskiptatækifæri sem spretta úr starfi íslenskra háskóla. Megintilgangur Innovit er að virkja frumkvæði og athafnasemi ungs fólks á Íslandi og aðstoða við að hrinda viðskiptahugmyndum í framkvæmd með stofnun árangursríkra fyrirtækja að leiðarljósi. Stuðlað hefur verið að samstarfi við fremstu frumkvöðlasetur í heiminum til þess að umhverfi frumkvöðla á Íslandi verði með besta móti. Hjá Innovit fá háskólanemar og nýbrautskráðir einstaklingar faglega ráðgjöf og fyrsta flokks aðstöðu til að stofna ný fyrirtæki. Meðal árlegra viðburða hjá Innovit má nefna frumkvöðlakeppnina um Gulleggið og Alþjóðlega athafnaviku sem haldin er samtímis í 105 löndum.

www.innovit.is

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2007 og hlutdeild sjóðsins er 28%

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	28,0
Samtök iðnaðarins	13,0
Háskóli Íslands	15,0
Háskólinn í Reykjavík	15,0
Andri Heiðar Kristinsson	8,0
Aðrir	21,0





Einar Stefánsson og Árni Þór Árnason í Oxymap.

Fjárfestingar í sjóðum

Frumtak

Frumtak slhf. er sjóður sem fjárfestir í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og eru vænleg til vaxtar og útflutnings.

Sjóðurinn hefur það markmið að byggja upp öflug fyrirtæki sem geta verið leiðandi á sínu sviði þannig að þau skili ekki aðeins góðri ávöxtun til fjárfesta heldur leggi einnig sitt af mörkum til þess að bæta það samfélag sem þau búa í.

Frumtak slhf. fjárfestir á Íslandi en er heimilt að fjárfesta erlendis að því marki sem nauðsynlegt er vegna markaðssóknar fyrirtækja í eigu Frumtaks á erlenda markaði. Sjóðurinn leggur áherslu á fjárfestingar þar sem líkur eru á miklum vexti og útflutningi. Sjóðurinn sérhæfir sig ekki í einstökum greinum.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er með ráðandi hlut í Frumtaki, 37%. Aðrir hluthafar eru þrír bankar og sex lífeyrissjóðir.
www.frumtak.is.

Frumtak hefur fjárfest í eftirfarandi fyrirtækjum:

www.trackwell.is, www.agr.is, www.handpoint.com, www.andersenlauth.com, www.gogogic.com, www.meniga.com, www.iceconsult.com, www.mentor.is, www.pme.is, www.controlant.com, www.valka.is, www.gogoyoko.com, www.datamarket.com.

Auður I

AUÐUR I er fagfjárfestisjóður sem fjárfestir í fyrirtækjum í rekstri með mikla vaxtarmöguleika, gjarnan í meirihlutaeigu eða undir stjórn kvenna, eða þar sem aðkoma Auðar getur leyst úr læðingi aukin verðmæti.

AUÐUR I leggur áherslu á vaxtarfjármögnun (growth capital).

Rúmlega 20 fjárfestar hafa lagt sjóðnum til fé, meðal þeirra eru flestir af stærstu lífeyrissjóðum landsins sem og aðrir stofnana og fagfjárfestar, þar á meðal Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Stærð sjóðsins er 3,2 milljarðar króna. Fjárfestingarrámmi AUÐAR I gerir ráð fyrir fjárfestingum í fyrirtækjum með a.m.k. 3-5 ára rekstrarsögu. Nýsköpunarsjóður á 4,7% í AUÐI I.


www.audurcapital.is.

Brú II

Brú II Venture Capital Fund, S.C.A. SICAR er sjóður sem stofnaður var í ársbyrjun 2006 og starfar undir eftirliti fjármálaeftirlits Lúxemborgar (CSSF).

Meðal fjárfesta í sjóðnum eru flestir stærstu lífeyrissjóðir landsins, tryggingafélög og aðrir fagfjárfestar ásamt Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Nýsköpunarsjóður á 4,3% í BRÚ II.

www.bru.





Arnar Jensson í Coori.



Geir Freysson og Agnar Sigmarsson í Transmitt

ÁRSREIKNINGUR 2011



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.


Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2011, efnahag hans 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011 í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 23. apríl 2012

Deloitte ehf.

Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi



Áritun stjórnar

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins (NSA) fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Rekstrartekjur ársins 2011 námu 184,7 milljónum króna samanborið við 430 milljónir króna árið áður. Rekstrargjöld ársins námu 500,3 milljónum króna samanborið við 411,4 milljónir króna árið áður. Tap ársins var 315,6 milljónir króna samanborið við 15,9 milljóna króna hagnað árið áður.

Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir félagsins samtals 4.831,3 milljónum króna í árslok 2011. Bókfært eigið fé á sama tíma nam samtals 4.634,2 milljónum króna og er eiginfjárlutfall sjóðsins því 96%.

Heildarfjárfestingar NSA í eignarhlutum námu 597,2 milljónum króna á árinu 2011. Fjárfest var í sex nýjum sprotafyrirtækjum fyrir samtals 257 milljónir króna og í 12 fyrirtækjum sem NSA átti í áður fyrir samtals 340,2 milljónir króna. Þá fjárfesti NSA í samlagssjóðunum Frumtaki slhf. og AuÐi I slf. fyrir samtals 253,4 milljónir króna.

Á árinu störfuðu sjö starfsmenn hjá sjóðnum.

Í ársbyrjun 2012 seldi Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins allan eignarhlut sinn í Marorku hf. með verulegum söluhagnaði. Salan hefur jákvæð áhrif á rekstur og eigið fé á árinu 2012 sem nemur 589,6 milljónum króna.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra NSA að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri NSA staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. apríl 2012

Í stjórn

Orri Hauksson
stjórnarformaður

Guðný Hrund Karlsdóttir

Sigrún B. Valdimarsdóttir

Finnbjörn A. Hermannsson


Arnar Sigurmundsson

Framkvæmdastjóri

Helga Valfells

Rekstrarreikningur árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Rekstrartekjur			
Vaxtatekjur og arður af fjárfestingaverkefnum		72.188.585	93.289.272
Vaxta- og vörslutekjur af bankainnstæðum	3	56.120.074	99.762.615
Aðrar rekstrartekjur	3	1.200.000	3.229.052
Söluhagnaður af eignarhlutum.		55.170.849	233.670.217
		<u>184.679.508</u>	<u>429.951.156</u>
Rekstrargjöld			
Framlag í afskriftarreikning fjárfestingaverkefna.		(89.597.809)	(282.575.026)
Sölutap eignarhluta		(257.570.931)	0
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingaverkefni		(17.174.144)	(14.668.071)
Laun og launatengd gjöld	4	(82.600.347)	(70.023.015)
Annar almennur rekstrarkostnaður		(59.638.454)	(55.402.021)
Þátttaka annarra sjóða í rekstri		9.608.806	9.509.710
Veittir styrkir		(2.950.000)	2.260.000
Afskriftir.	5	(363.600)	(469.850)
		<u>(500.286.479)</u>	<u>(411.368.273)</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		(315.606.971)	18.582.883
Fjármagnsgjöld:			
Fjármagnsgjöld.		(25.389)	(2.669.108)
		<u>(25.389)</u>	<u>(2.669.108)</u>
Hagnaður (tap) ársins		(315.632.360)	15.913.775




Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eignir

	Skýr.	2011	2010
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	1.398.774	1.762.374
Eignarhlutar	6	2.733.832.761	2.595.338.950
Útlán	7	552.287.470	792.524.039
Samlagssjóðir	8	1.194.463.269	941.033.489
Afskriftarreikningur fjárfestingaverkefna	9	(991.230.893)	(1.108.029.343)
		<u>3.490.751.381</u>	<u>3.222.629.509</u>
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur	10	25.321.197	57.363.012
Kröfur á tengda sjóði	14	2.400.000	2.500.000
Markaðsverðbréf, fjárvarsla	11	905.259.459	1.009.350.345
Handbært fé	12	407.610.545	545.673.002
		<u>1.340.591.201</u>	<u>1.614.886.359</u>
Eignir alls		<u>4.831.342.582</u>	<u>4.837.515.868</u>
Eigið fé			
Stofnfé	13	4.821.767.472	4.821.767.472
Annað eigið fé		(187.601.911)	(125.399.331)
Eigið fé		<u>4.634.165.561</u>	<u>4.696.368.141</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir vegna verkefna	16	171.700.000	118.640.000
Aðrar skammtímaskuldir	15	25.477.021	22.507.727
Skuldir		<u>197.177.021</u>	<u>141.147.727</u>
Eigið fé og skuldir		<u>4.831.342.582</u>	<u>4.837.515.868</u>

Sjóðstreymi árið 2011

	Skýr.	2011	2011
Rekstrarhreyfingar			
Innborgaðar vaxtatekjur og gengismunur bankareikninga		31.298.096	32.832.921
Innborgaðar aðrar tekjur		1.200.000	0
Innborgaðar tekjur af fjárfestingaverkefnum		21.519.178	43.804.722
Greiddur rekstrarkostnaður		(144.334.845)	(126.426.969)
Greiddir styrkir		(2.950.000)	(3.240.000)
Greidd fjármagnsgjöld		(25.389)	(1.719.167)
Handbært fé til rekstrar		(93.292.960)	(54.748.493)
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir fastafjármunir		0	(550.000)
Seldir fastafjármunir		0	2.874.750
Ný útlán		(265.899.555)	(344.843.302)
Keypt í samlagssjóðum	8	(253.429.780)	(512.782.224)
Keyptir eignarhlutir		(469.498.272)	(296.316.252)
Seldir eignarhlutir		183.082.357	521.340.199
Framlag/úttekt úr fjárvörslu vegna markaðsverðbréfa		128.912.864	(397.483.767)
Fengnar afborganir útlána		378.633.109	163.361.027
Fjárfestingahreyfingar		(298.199.277)	(864.399.569)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað frá Ríkissjóði Íslands vegna samlagssjóða	8	253.429.780	512.782.224
Greiddar afborganir langtímalána		0	(29.659.282)
Fjármögnunarhreyfingar		253.429.780	483.122.942
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		(138.062.457)	(436.025.120)
Handbært fé í upphafi árs		545.673.002	981.698.122
Handbært fé í lok árs		407.610.545	545.673.002



Skýringar

1. Starfsemi

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu Ríkissjóðs Íslands. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum iðnaðarráðherra.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé, veita lán og ábyrgðir.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs skiptist í tvær deildir, Stofnsjóð og Tryggingardeild útflutningsins.

Stofnsjóður

Í Stofnsjóði er eigið fé sjóðsins eins og það er varðveitt og ávaxtað á hverjum tíma. Undir Stofnsjóð heyrir allur almennur rekstur Nýsköpunarsjóðs, deilda hans og sjóða.

Tryggingardeild útflutnings

Deildinni er ætlað að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlendis.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggist á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2011	2010	31/12/2011	31/12/2010
Evra (EUR).	161,4	161,9	159,3	154,2
Bandaríkjadalur (USD).	116,1	122,0	123,0	115,3
Dönsk króna (DKK).	21,7	21,7	21,4	20,7
Sænsk króna (SEK)	17,9	17,0	17,8	17,2

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Tekjuskattur

Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Fjáreignir

Hlutabréf og önnur verðbréf sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.


Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.



3. Vörslutekjur og þóknunartekjur

	2011	2010
Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	29.697.890	34.963.677
Gengismunur	1.600.206	(2.130.756)
Tekjur af vörslusjóðum	24.821.978	66.929.694
	<u>56.120.074</u>	<u>99.762.615</u>

Aðrar rekstrartekjur

Fengnar þóknanir af ábyrgðum tryggingadeildar	0	542.499
Fengnar þóknanir frá félögum fyrir stjórnarsetu	1.200.000	2.130.000
Söluhagnaður fastafjármuna.	0	556.553
	<u>1.200.000</u>	<u>3.229.052</u>

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2011	2010
<u>Laun</u>	<u>62.120.719</u>	<u>52.501.291</u>
Lífeyrissjóður	9.712.042	8.566.507
Önnur launatengd gjöld	7.766.199	7.057.430
Annar starfsmannakostnaður	3.001.387	1.897.787
	<u>82.600.347</u>	<u>70.023.015</u>

Stöðugildi að meðaltali 6,8 5,7

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins á árinu 2011 námu 14,8 milljónum króna. Laun framkvæmdastjóra eru ákvörðuð af kjararáði. Á árinu 2010 námu heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins 17,2 milljónum króna.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Innréttingar. skrifstofuáh.	Tölvubúnaður	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun	4.739.844	1.469.885	6.209.729
Afskrifað í ársbyrjun	(3.124.459)	(1.322.896)	(4.447.355)
Bókfært verð í ársbyrjun	1.615.385	146.989	1.762.374
Afskrift ársins	(363.600)	0	(363.600)
Bókfært verð í lok ársins	1.251.785	146.989	1.398.774


Vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

Innréttingar og tæki	Vátryggingamat
	9.879.741

6. Eignarhlutar

Fjárfesting í hlutabréfum er færð á kostnaðarverði þótt um sé að ræða eignarhluti þar sem hluturinn nemur meira en 20% þar sem ekki er unnt að beita hlutdeildaraðferð sbr. 70 gr. ársreikningalaganna. Verðbréfin eru færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2011	2010
Eignarhlutar í upphafi árs.	2.595.338.950	2.628.403.737
Fjárfest í nýjum eignarhlutum	597.230.000	296.316.252
Bókfært verð seldra eignarhluta.	(379.545.472)	(281.474.023)
Endanlega afskrifaðir eignarhlutar	(127.750.717)	(88.197.016)
Óútborguð fjárfestingarverkefni. Breyting.	48.560.000	40.290.000
	2.733.832.761	2.595.338.950



Eignarhlutar í fyrirtækjum

AGR – Aðgerðagreining ehf.	8,9%	Kine ehf.	25,1%
Akthelía ehf.	22,8%	Lífeind ehf.	43,8%
Alur – álvinnsla ehf.	11,1%	Marorka ehf.	14,6%
Auris ehf.	19,8%	Menn og mýs ehf.	24,4%
Betware á Íslandi hf.	1,7%	Mentis Cura ehf.	14,9%
Cooori ehf.	17,5%	Mentor ehf.	13,9%
Dohop ehf.	10,3%	Mint Solutions ehf.	11,0%
Fjölblendir ehf.	10,0%	Norrænar myndir ehf.	42,5%
Frumtak GP ehf.	43,0%	Oxymap ehf.	35,0%
Gagnavarslan ehf.	17,9%	Primex hf.	22,5%
Genís ehf.	45,5%	Remake Electric ehf.	18,0%
Geogreenhouse ehf.	20,0%	Skelfélagið ehf.	42,1%
Gogogic ehf.	20,0%	Spaksmannsspjarir ehf.	5,0%
Gogoyoko ehf.	25,9%	Stíki ehf.	32,9%
Grapewire ehf.	30,0%	Stjörnu-Oddi hf.	36,9%
Icemedix ehf.	9,2%	Transmit ehf.	23,6%
Innovit ehf.	13,9%	Tölvuský ehf.	17,0%
Intel Scan Örbylgjutækni ehf.	43,1%	Valka ehf.	22,8%
Kerecis ehf.	30,9%	Videntifier ehf.	24,2%

7. Útlán

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2011	2010
Útlán í upphafi	792.524.039	538.491.657
Ný útlán	296.072.270	344.843.302
Verðbætur/gengishagnaður	0	(1.559.108)
Afborganir útlána	(467.302.527)	(104.463.046)
Áfallnir vextir. Breyting	(4.122.519)	22.360.843
Endanlega afskrifuð útlán	(64.883.793)	(7.149.609)
	<u>552.287.470</u>	<u>792.524.039</u>

8. Samlagssjóðir

Nýsköpunarsjóði er heimilt að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur Nýsköpunarsjóðs minna en 50%.

Fjárfesting í samlagssjóðum er færð á kostnaðarverði þótt um sé að ræða eignarhluti þar sem hluturinn nemur meira en 20% sbr. heimildarákvæði ársreikningalaganna. Eignarhlutir í samlagssjóðum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2011	2010
Samlagssjóðir í upphafi	941.033.489	471.722.005
Fjárfestingar í samlagssjóðum.	253.429.780	512.782.224
Seldur hluti AUÐUR 1.	0	(43.470.740)
	<u>1.194.463.269</u>	<u>941.033.489</u>


Eignarhlutar í samlagssjóðum sundurliðast þannig:	Hlutdeild	Kaupverð
Frumtak slhf.	37,04%	865.370.371
AUÐUR I	4,7%	124.998.085
Brú II	4,3%	204.094.813
		<u>1.194.463.269</u>

9. Afskriftarreikningar fjárfestingaverkefna

Afskriftarreikningur fjárfestingaverkefna er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir áhættufjárfestingu. Lagt er í þennan reikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni.

Breyting á afskriftarreikningi greinist svo:

	2011	2010
Afskriftarreikningur í upphafi árs	1.108.029.343	944.165.148
Framlag ársins í afskriftarreikning	346.433.882	282.575.026
Endanlega töpuð fjárfestingaverkefni	(463.232.332)	(118.710.831)
	<u>991.230.893</u>	<u>1.108.029.343</u>



10. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	2011	2010
Fyrirframgreiddur kostnaður	0	1.040.335
Kröfur vegna seldra eignarhluta	25.321.197	56.322.677
	<u>25.321.197</u>	<u>57.363.012</u>

11. Markaðsverðbréf, fjárvarsla

Vörslusjóðir:

Nýsköpunarsjóður hefur gert samninga um ávöxtun og fjárvörslu við aðila innanlands.

	2011	2010
Fjárvarsla í erlendri mynt	188.819.123	213.513.281
Fjárvarsla í íslenskum krónum	716.440.336	795.837.064
	<u>905.259.459</u>	<u>1.009.350.345</u>

Próun vörslusjóða greinist þannig:

	2011	2010
Staða í upphafi árs.	1.009.350.345	544.936.884
Innborgað til fjárvörsluaðila	392.087.136	993.483.767
Útborgað frá fjárvörsluaðilum	(521.000.000)	(596.000.000)
Markaðsbreytingar vörslusjóða	24.821.978	66.929.694
	<u>905.259.459</u>	<u>1.009.350.345</u>

12. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

	2011	2010
Bankainnstæður og sjóðir	407.610.545	545.673.002
	<u>407.610.545</u>	<u>545.673.002</u>

13. Eigið fé

Innborgað stofnfé er samtals kr. 4.821.767.472. Í 7. gr. laga nr. 61/1997 með síðari breytingum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að eigið fé Nýsköpunarsjóðs skuli að lágmarki vera 3.000 millj. kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2007. Eigið fé er kr. 4.634 milljónir króna í árslok 2011 og til samanburðar er lágmarksfjárhæð sú sem sett er fram í lögum og vitnað er til hér að ofan 4.323 milljónir króna.


Hreyfingar eigin fjár greinast á eftirfarandi hátt:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2010.....	4.821.767.472	(654.095.331)	4.167.672.141
Innborgun frá Ríkissjóði vegna samlagssjóða.....	0	512.782.224	512.782.224
Hagnaður ársins 2010.....	0	15.913.775	15.913.775
Eigið fé 1.1. 2011.....	<u>4.821.767.472</u>	<u>(125.399.332)</u>	<u>4.696.368.141</u>
Innborgun frá Ríkissjóði vegna samlagssjóða.....	0	253.429.780	253.429.780
Tap ársins 2011.....	0	(315.632.360)	(315.632.360)
Eigið fé 31.12. 2011.....	<u>4.821.767.472</u>	<u>(187.601.912)</u>	<u>4.634.165.561</u>

Eigið fé Nýsköpunarsjóðs skiptist með eftirfarandi hætti milli einstakra deilda:

	31.12.2011	31.12.2010
Stofnsjóður.....	4.623.577.336	4.685.779.916
Tryggingardeild útflutnings.....	10.588.225	10.588.225
	<u>4.634.165.561</u>	<u>4.696.368.141</u>

Samkvæmt 12. grein laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er miðað við að iðgjöld og tryggingahlutföll standi undir rekstri Tryggingardeildar útflutnings, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs þannig að starfsemin standi undir sér til lengri tíma litið. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar. Engar rekstrarhreyfingar voru á árinu 2011.



14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2011	Keypt þjónusta og vörur	Þátttaka í kostnaði	Kröfur	Skuldir
Frumtak GP ehf. hlutdeildarfélag	0	7.200.000	2.400.000	0
	0	7.200.000	2.400.000	0

Viðskipti við tengd félög árið 2010	Keypt þjónusta og vörur	Þátttaka í kostnaði	Kröfur	Skuldir
Frumtak GP ehf. hlutdeildarfélag	0	6.957.000	2.500.000	0
	0	6.957.000	2.500.000	0

15. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	2011	2010
Ógreiddur kostnaður	6.364.741	4.672.103
Áunnið orlof.	7.478.897	6.202.241
Skuld við Ríkisábyrgðarsjóð	11.633.383	11.633.383
	<u>25.477.021</u>	<u>22.507.727</u>

16. Skuldir vegna verkefna

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur veitt loforð um fjárfestingar til nokkurra fyrirtækja annaðhvort í formi eignarhluta eða útlána að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skuldbinding í árslok sem færð er meðal skammtímaskulda nemur samtals 118,6 milljónum króna. Skuldbinding utan efnahagsreiknings vegna verkefna sem eru eingöngu vegna lánsloforða nemur um 69 milljónum króna.

17. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Nýsköpunarsjóður hefur skuldbundið sig til þátttöku í þremur samlagssjóðum, AUÐI 1, Brú II og Frumtaki slhf., samtals að fjárhæð 1.900 milljónir króna. Ógreidd fjárfestingaloforð vegna þessara samlagssjóða nema í lok ársins um 705,5 milljónum króna. Ríkissjóður Íslands hefur skuldbundið sig til að leggja stofnfjárframlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins að fjárhæð 271 milljón króna svo að sjóðurinn geti mætt þessum skuldbindingum í samlagssjóðum.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs hefur samþykkt að veita ábyrgðir til þriðja aðila til tryggingar bankalánnum. Í árslok 2011 nema veittar ábyrgðir til tryggingar bankalánnum um 22,8 milljónum króna.

Tryggingardeild útflutnings hefur veitt ábyrgðir til þriðja aðila. Á reikningsskiladegi voru eftirstöðvar þessara ábyrgða um 198 milljónir króna sem jafngildir um 1 milljónum í sérstökum dráttarréttindum. Samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins mega heildarskuldbindingar Tryggingardeildar ekki nema hærrí fjárhæð en 130 milljónum í sérstökum dráttarréttindum.

Endurgreiðslutími ábyrgðarskuldbindinga Tryggingardeildar greinist þannig:


	12/31/2011	12/31/2010
Gjaldfallin ábyrgð	56,599,998	27,691,704
Til endurgreiðslu síðar	141,413,273	195,358,743
	<u>198,013,271</u>	<u>223,050,447</u>


18. Atburðir eftir reikningsskiladag


Í ársbyrjun 2012 seldi Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins allan eignarhlut sinn í Marorku með verulegum söluhagnaði. Salan hefur jákvæð áhrif á rekstur og eigið fé á árinu 2012 sem nemur 589,6 milljónum króna.

19. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundinum hinn 23. apríl 2012.







NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins Kringlunni 7, 3. hæð 103 Reykjavík
www.nsa.is, nsa@nsa.is

Hönnun og umbrot: Plánetan Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson Prentun: Svansprent

